

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Snæfellsbæ.

Nýtt deiliskipulag golfvallar sunnan Rífs.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 6. apríl 2020, nýtt deiliskipulag fyrir golfvöllinn sunnan Rífs. Nýtt deiliskipulag var auglýst samhliða breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar þar sem 43 ha óbyggðu svæði (Ób-3) er breytt í íþróttasvæði (Íþ-3) fyrir golfvöll. Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir 9 holu golfvelli á um 39 ha svæði. Flatarmál ræktaðra brauta verður um 12 ha og er gert ráð fyrir 120 m² golfskála og 160 m² geymsluhúsi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Snæfellsbæ, 30. apríl 2020.

Davíð Viðarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2020